

1015. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 22. janúar 2009 kl. 19:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Kjör forystu VR - Staða formanns VR

Gunnar Páll skýrði frá því að hann hafi viljað fara yfir þau mál sem sneru að aðkomu hans að stjórnun Kaupþings banka í umfjöllun fjölmiðla á síðustu dögum. Í raun væru þetta tvö aðskilin mál. Í fyrsta lagi hefði á sínum tíma verið upplýst að bróðir emírsins af Qatar ætli að kaupa 5% í Kaupþing banka og að það ætti að lána fyrir þessu. Gunnar Páll sagðist ekki hafa verið ánægður með að það ætti ekki að greiða þetta út en að það hefði þó virst sem fagnaðarefni að svo sterkur aðili væri að koma inn. Vissi hann ekkert um aðkomu Ólafs Ólafssonar að þessu máli. Í öðru lagi væri það mál sem sneri að skuldatryggingaálagi en bankinn gæfi út skuldabréfaflokka sem seldir eru víða um Evrópu og gátu menn keypt sér tryggingu fyrir því að skuldabréfin væru greidd. Þá voru búin til afleiðuviðskipti sem áttu að vera trygg svo lengi sem bankinn greiddi. Gunnar Páll vissi ekki annað en að allt væri löglegt af því sem hann tók þátt í og var það allt gert með þeirri vissu að bankinn myndi lifa. Varðandi lánanefndina þá var hún undirnefnd stjórnar og átti að fylgjast með stærri lánnum, þ.e. þeim sem væru yfir 25 milljarðar króna. Laun fyrir setu í lánanefnd stjórnar voru innifalin í stjórnarlausnum. Gunnar Páll ítrekaði að hann hafi starfað af heilindum og að hann hafi ekki tekið neina ákvörðun sem hann taldi vísvitandi ranga. Hann hafi mætt félagsmönnum og komið fram í fjölmiðlum til að útskýra málið og nú leggi hann þetta í dóm félagsmanna með því að fara í kosningar.

2. Úrræði fyrir atvinnulausa

Gunnar Páll og Jóhanna E. fóru yfir þau úrræði sem hleypt verður af stokkunum á næstu dögum. Voru gögn látin ganga milli fundarmanna til skoðunar. Auglýst verður í dagblöðum um helgina og stiklað á stóru en svo vísað á heimasíðu. Aðalatriðin eru s.k. Hlutverkasetur, Mímir, Þriðjudagskvöld VR, Opni Háskólinn og Nýttu kraftinn. Setjum c.a. 10 – 20 milljónir króna í þessi verkefni og sjáum hvernig það gengur. Ákveðið að senda upplýsingar um þetta sérstaklega til trúnaðarmanna.

3. Styrkbeiðnir

Gunnar Páll sagði frá tveimur beiðnum um styrki og lagði fram bréf þess efnis frá SÁÁ dags, 19. janúar 2009 og frá Öryrkjabandalaginu dags. 20. janúar 2009.

a. SÁÁ óskar eftir nokkuð stórum styrk, kr. 750 – 1.000.000 kr. þar sem þeir þurfa nú að rukka fyrir matinn uppá kr. 50. þús. per meðferð. eru þeir að stofna sjóð fyrir þessu uppá 10 milljónir kr. og eru komnir með 5 milljónir kr. en vantar afganginn.

Samþykkt að greiða SÁÁ 750.000. kr. styrk.

b. Öryrkjabandalagið ætlar að flytja inn fyrirlesara, Arne Lykke Larsen, sem ætlar að fjalla um sjálfstætt líf með tækni en hann er með MND sjúkdóminn og fylgir heimsókn hans mikill kostnaður m.a. vegna hreyfihömlunar hans. Óska þeir eftir kr. 100.000 í styrk.

Samþykkt með handauppréttingu að greiða 100.000. kr. styrk. Einn á móti.